

# Jarðgerðarleidarvísir HUMUS



Flokkaðu jarðgeranlegan eldhúsúrgang frá öðrum úrgangi sem frá eldhúsinu kemur. (Sjá flokkunarleiðbeiningar.)

Farðu með jarðgeranlega úrganginn út í tankinn áður en hann byrjar að lykta, u.þ.b. annan hvern dag. Nauðsynlegt er að bæta úrgangi úr garðinum í tankinn þó ekki mold. Grófari garðaúrgang er betra að brytja niður, ágætt er að miða við 10 cm. ef það er gert nýtist plássið betur og sömuleiðis brotna smærri hlutir fyrr niður.

Best er að setja álika mikið af eldhús- og garðaúrgangi í kassann. Í raun fellur þó öllu meira til af garðaúrgangi yfir sumartímann og meira af eldhúsúrgangi yfir veturinn. *Hægt er að geyma hluta af garðaúrganginum fram á veturinn t.d. í opnum kassa.* Passið að blanda massanum vel saman, loftunarstafur eða gaffall eru mjög hentug áhöld til þess. Þá getur verið gott að blanda kjótmjöli og dolomitkalki saman við öðru hverju. Ein matskeið af hvoru einu sinni í mánuði er nóg.

Ef þú setur mikið af súrum úrgangi í jarðgerðarkassann í einu, t.d. rabbabaráblöð og þess háttar, er gott að bæta við kalki.

## Loft og vatn

Humus jarðgerðartankurinn er sérstaklega hannaður til að auka flæði lofts. Vegna þess að loftið hitnar í kassanum þá sogast það inn að neðan og fer út að ofan. Loftstreyminu er hægt að stýra með því að snúa lokinu. Ef þú hefur loftunarrör í þínum HUMUS kassa tryggir þú einnig loftun í miðjum rotmassanum.

Það er ágæt viðmiðun að snúa öllum massanum u.þ.b. tvisvar á ári. Það er þó ekki þörf á því ef þú

hefur loftunarrör í kassanum og hefur passað að þæla reglulega í honum, t.d. með loftunarstaf.

Loftunarstafur hefur tvo vængi sem leggjast að stafnum þegar honum er þrýst niður í massan, síðan þegar hann er dregin til baka leggjast vængirnir út líkt og anker, við það loftast massinn. Ef það fer að bera á súrri lykt frá kassanum er komin tími á að snúa massanum.

**Þá getur verið gott að taka reglulega eina til tvær skóflur af þroskuðum rotmassa út um hurðina á hliðinni og dreifa ofaná nýja úrganginn í kassanum.**

**Með þessu tryggir þú að:**

- örverurnar úr eldri massanum blandast nýja úrganginum og geta tafarlaust hafið störf.
- lágmarks óþægindi vegna lykta.
- loftun á botni jarðgerðarkassans eykst.

Gott er að snúa jarðgerðarkassanum á botnplötunni þegar búið er að taka rotmassa undan. Með því kemur þú í veg fyrir að nýi úrgangurinn detti niður í holuna sem verður til þegar þú tekur eldri massa út um hurðina.

## Bygging tanksins


Vegna þess að jarðgerðarkassinn er keilulaga, pressar efsti hlutinn af massanum ekki eins mikið á eldra efnið við hliðar kassans, eldra efnið verður þess vegna með meira loftrými. Með þessu móti kemst loft að massanum allan hringinn.

Þegar rotmassanum er snúið eða ef á að nota hann í garðinum, er hægt að taka kassann af botnplötunni í heilu lagi. Ef kassinn er of þungur verið þá tvö um að lyfta. Áður en kassinn er settur á botnplötuna aftur er gott að hreinsa hana.

-Það má vel auka við innbyggða loftunarkerfið með því einu að taka lokið af kassanum í þurru veðri.

Það þarf sjaldan að vökva rotmassann í HUMUS tankinum. Hann heldur vel við hinu náttúrulega rakainnihaldi lífræns úrgangs. Þegar lokað er fyrir loftunargötin þá þéttist rakinn innan á lokinu og dropar aftur niður í rotmassann.

HUMUS tankurinn ver einnig gegn regni og annarri úrkomu. Það er mikilvægt að rotmassinn verði ekki of blautur. Að hluta til vegna þess að vatnið fyllir loftrými - sem getur leitt til lofffirrts niðurbrots - einnig vegna þess að mikil rigning getur lækkað hitastigið í massanum og þannig haft áhrif á viðgang örveranna.



Ef rotmassinn verður gegnumblautur, mun það í versta falli hafa þau áhrif að nýtanleg næringarefni fyrir plöntur skolest burt.

### Rotmassinn

Fullþroskaður rotmassi inniheldur oft mikið af köfnunarefni og fosfor og þess vegna er ráðlegt að dreifa ekki nema þunnu lagi þar sem massinn er notaður sem áburður. Í gördum þar sem eru tré og runnar, er þó í lagi að dreifa þykkara lagi. Rætur trjáanna ná langt niður í jörðina og taka upp þá næringu sem aðrar plöntur garðsins ná ekki að nýta.

Ef jarðgerðin er farinn í fýlu, þ.e. niðurbrotið lofffirrt og illa lyktandi, er nauðsynlegt að blanda u.þ.b. 10 handfyllum af dolomitkaiki og setja einnig saman við eins og einar hjólbörur af stoðefnum; timburkurl, spæni, pappakurl eða greinaafklippur. Rotmassi sem er orðin lofffirrtur verður gulbrúnn eða grágrænn á litinn, lyktin verður súr eða eins og af fúleggjum.

### Gengur jarðgerðin hægt?

Ef þér finnst að jarðgerðin gangi hægt í HUMUS kassanum þínum, má flýta fyrir með því að setja kjötmjól, hestaskít, nýslegið gras eða annan köfnunarefnisríkann úrgang saman við massann. Ef þú kurlar eða brytjar niður grófarí garðaúrgang mun jarðgerðin ganga hraðar fyrir sig, vegna þess að örverurnar eiga auðveldar með að brjóta niður efnið í brotflétinum.

Það er einnig hægt að flýta fyrir niðurbrotinu með að "heitjarðgera" úrganginn. Það krefst þess þó, að þú hafir nokkuð magn af mismunandi lífrænum úrgangi þegar hafist er handa:

Fyllið kassan með blöndu af 25% nýjum hestaskít, 25% nýhökkuðu trjákurli, 25% eldhúsúrgangi og

25% nýjum garðaúrgangi, til viðbótar er sett slatti af vatni. Þessi blanda er von að leiða af sér góðan hita.

Ath. Gangi jarðgerðin of hægt er ástæðan yfirleitt að rotmassinn annaðhvort er of þurr eða of blautur.

### Hversu langan tíma tekur þetta - og hvenær á að nota moltuna.

HUMUS jarðgerðarkassinn er mjög öflugur til jarðgerðar!! Vinnslutími og lokaafurð stjórnast þó mikið af þeim efnem sem í kassann fara - og einnig hvaða kröfur þú gerir til lokaafurðarinnar. Síðast en ekki síðst fer þetta eftir því hversu vel þú sinnir jarðgerðinni og hvort það er heitt eða kalt í veðri. Vinnslutíminn getur þess vegna verið á bilinu 4 - 12 mánuðir. Notkun á hálfkláraðri moltu sem áburð, er æskilegust í nóvember - desember og er þá miðað við að moltan sé lögð í 3 - 5 cm lag. Fullunnin molta er best í garðinn á tímabilinu mars - maí, er þá gert ráð fyrir 1 - 2 cm þykku lagi. Einnig er hægt að nota moltuna sem áburð í grænmetisgarðinn með því að dreifa henni á milli grænmetisraðanna u.þ.b. 14 dögum eftir að plönturnar hafa spírað upp úr jörðinni.

HUMUS jarðgerðarkassinn er hannaður með það að leiðarljósi að geta verkað lífrænan eldhúsúrgang frá vísitöluflöjlskyldu og garðaúrgang sem fellur til í minni garði. Ef um stærri garð er að ræða er hægt að hafa opin safnkassa fyrir umfram garðaúrgang.

### Hvar á jarðgerðarkassinn að standa.


Við val á staðsetningu verður að taka mið af eftirfarandi: Fjarlægðin frá eldhúsvaskinum að jarðgerðarkassanum verður að vera sem stýðst, best er að hafa hann nálægt öskutunnunni þannig að hægt sé að fara með fleiri flokka af úrgangi í einu.

Einnig ættir þú að velja stað þar sem bæði er skjól og skuggi.

Þú ættir líka að taka mið af að það sé pláss til að "pæla" massann. Pælingin þarf ekki mikið pláss. Það dugir að moka massanum með gaffli í hjólbörur og moka honum síðan aftur í kassan.

Staðsetjið HUMUS kassann á jafnt og stöðugt undirlag og passið að holurnar í hlið botnplötunnar séu ekki hular. Annars kemst loftið ekki í gegn!! Athugið einnig að botnplötunni sé snúíð rétt. (Sjá samsetningarleiðbeiningar.)

HUMUS kassinn er músa og rottuheldur. Reynslan hefur sýnt að flestar tilraunir nagdýra til að komast inn í jarðgerðartanka eru gerðar neðanfrá. Þess vegna er HUMUS kassinn sérstaklega öruggur, þar sem hann er útbúinn með sterkri plastbotnplötu og járnneti með aðeins 9 mm möskvastærð.



Jarðgerð lyktar undir venjulegum kringumstæðum lítið en þó getur lyktin orðið óþægileg t.d þegar kál rotnar hins vegar er góð lykt þegar epli rotnar. Reynið þess vegna að koma í veg fyrir að staðsetja jarðgerðarstampinn mjög nálægt aðal viðverusvæðinu í garðinum eða undir gluggum hússins.

### Flokkunarleiðbeiningar

#### Úr eldhúsinu:

Matarafgangar, grænmetis- og ávaxtaafgangar - einnig soðnir og steiktir afgangar. Ekki er æskilegt að setja allt of mikið af sitrusávaxtaberki.

Brauð og kökuafgangar. Athugið að setja ekki of mikið í einu og ekki of stór stykki.

Eldhús- og smjörpappírssnifsi.

Tepoka með blöðum og kaffifiltera með korg.

Afskorin blóm og ónýtt stofublóm.


Brotin eggja- og hnetuskurn, korktappa, íspinnaprik o.þ.h.

#### Úr garðinum.

Allur úrgangur úr garðinum sem tilheyrir jurtaríkinu.

Betra er þó að kurla greinar, annars tekur niðurbrot þeirra of langan tíma.

Sjúkar plöntur ætti ekki að jarðgera þar sem sumir plöntusjúkdómar geta lifað af jarðgerðarferlið.



Ef þú færð mikið af illgresisfræjum í kassann, kemur pæling og loftun fræjunum til að spíra. En flestar tegundirnar munu þó drepa vegna skorts á sólarljósi. Ef þú villt vera alveg viss um að drepa illgresisfræin þá skalt þú "heitjarðgera".

### Þetta má ekki setja í jarðgerðarkassann:

Úrgangur úr dýraríkinu getur verið erfitt að jarðgera, slíkur úrgangur dregur að meindýr og veldur auðveldlega lyktarópægindum, þess vegna mælum við ekki með því. En það skiptir engu máli þó það fylgi svolítið af fiskibeinum eða smá kjötsósa með afgöngunum.

Það hentar ekki að jarðgera mjólkurvörur nema í litlu mæli. Reynið að koma í veg fyrir að setja ost, jógúrt, sósu, hrísgrjónagrat o.þ.h. í jarðgerðarkassann.

Járn, gler, plast, og önnur gerfiefni eiga ekki heima í jarðgerðarkassa - það sama á að sjálfsögðu við um olíu og spilliefni!

Ryk úr ryksugupokum, gólf- og götuuppsóp, sigarettustubba og annan tóbaksúrgang má heldur ekki setja saman við jarðgerð, þessháttar úrgangur inniheldur of mikið af þungamálum.

Ösku frá ofnum og eldstæðum má aðeins nota í minna mæli og aðeins ösku af hreinu tré. þ.e. án málningar, fúavarnar o.þ.h.

#### Aðrar heimildir

Ef þú vilt vita meira um jarðgerð, getum við bent á bækling sem Umhverfisstofnun gaf út "Endurvinnsla í garðinum" og heimasíðu Sorpstöðvar Suðurlands en þar er að finna mikinn fróðleik sem allir umhverfisþenkjandi landsmenn ættu að kynna sér. Slóðin er [www.sudurland.is/sorpstod](http://www.sudurland.is/sorpstod)

#### Góða skemmtun!

**HSS - Íslenska Gámafélagið**  
**Gufunesi**  
**Reykjavík**  
**S 577 5757**